

Fyrirspurn

til umhverfisráðherra um stuðning við kvikmyndagerð.

Frá Kolbrúnu Halldórsdóttur.

1. Hversu margar umsóknir um fjárstuðning við kvikmyndagerð hafa borist til umhverfisráðuneytisins á kjörtímabilinu, hverjir hafa átt þar hlut að máli og hvernig afgreiðslu hafa þessar umsóknir hlotið?
2. Fjallar kvikmynd sú sem ráðherra hefur ákveðið að styrkja, „Ísland í öðru ljósi“, á einhvern hátt um mannvirkjagerð á hálendi Íslands eða hvert er megininntak myndarinnar?